



# Friðlýsingar 2014

**Skýrsla Umhverfisstofnunar til umhverfis-  
og auðlindaráðherra um vinnu við  
friðlýsingar á árinu 2014**

Júní 2015



UMHVERFISSTOFNUN

# Efnisyfirlit

<b>1.</b>	<b>INNGANGUR</b> .....	<b>1–3</b>
<b>2.</b>	<b>FRIDLÝSINGAR SEM ER LOKIÐ</b> .....	<b>2–4</b>
2.1.	Búrfell, Búrfellsgjá og eystri hluti Selgjár í Garðabæ .....	2–4
2.2.	Garðahraun, Vífilsstaðahraun og Maríuhellar í Garðabæ .....	2–5
2.3.	Fólkvangurinn Bringur, Mosfellsdal .....	2–5
<b>3.</b>	<b>FRIDLÝSINGAR Á GRUNDVELLI RAMMAÁÆTLUNAR</b> .....	<b>3–7</b>
<b>4.</b>	<b>FRIDLÝSINGAR Á GRUNDVELLI NÁTTÚRUVERNDARÁÆTLUNAR</b> .....	<b>4–8</b>
4.1.	Látrabjarg .....	4–8
4.2.	Þjórsárver .....	4–9
<b>5.</b>	<b>AÐRAR FRIDLÝSINGAR Í VINNSLU</b> .....	<b>5–10</b>
5.1.	Fugla- og votlendisfriðland á Brunasandi.....	5–10
5.2.	Glerárdalur .....	5–10
5.3.	Fuglafriðland í Flóa .....	5–10
5.4.	Hólar í Öxnadal .....	5–11
<b>6.</b>	<b>VERNDAR- OG STJÓRNUNARÁÆTLANIR</b> .....	<b>6–12</b>
6.1.	Verndar- og stjórnunaráætlanir sem er lokið .....	6–13
6.1.1.	Dyrhólaey .....	6–13
6.1.2.	Surtsey.....	6–13
6.2.	Verndar- og stjórnunaráætlanir í vinnslu .....	6–14
6.2.1.	Dimmuborgir .....	6–14
6.2.2.	Dynjandi .....	6–15
6.2.3.	Fossvogsbakkar .....	6–15
6.2.4.	Háubakkar .....	6–16
6.2.5.	Kringilsárrani .....	6–16
6.2.6.	Laugarás .....	6–16
6.2.7.	Teigarhorn.....	6–17
6.3.	Forgangsroðun verndar- og stjórnunaráætlana.....	6–17
<b>7.</b>	<b>LOKAORÐ</b> .....	<b>7–20</b>

# 1. Inngangur

Umhverfisstofnun annast undirbúning friðlýsinga í samræmi við lög nr. 44/1999 um náttúruvernd. Gert er ráð fyrir að stofnunin gefi umhverfis- og auðlindaráðherra yfirlit yfir vinnu við friðlýsingar og er hér yfirlit yfir þá vinnu á árinu 2014.

Skýrslan skiptist í fimm kafla, friðlýsingar sem lokið var á árinu, friðlýsingar á grundvelli rammaáætlunar, friðlýsingar svæða á grundvelli náttúruverndaráætlunar, aðrar friðlýsingar í vinnslu og verndar- og stjórnunaráætlanir.

Á árinu 2014 voru undirritaðar þrjár nýjar friðlýsingar, eitt svæði í Mosfellsbæ og tvö í Garðabæ. Unnið var að öllum þessum friðlýsingum að tillögu sveitarfélaga.

Um áramótin 2013-2014 rann náttúruverndaráætlun 2009-2013 sitt skeið á enda og var vinna við verkefni á grundvelli áætlunarinnar því að mestu í bið. Þar sem að ný náttúruverndarlög voru samþykkt árið 2013 þar sem gert var ráð fyrir breyttu fyrirkomulagi var ekki unnið að undirbúningi nýrrar náttúruverndaráætlunar. Í stað þess var unnið að framlengingu náttúruverndaráætlunar 2009-2013. Tillaga að þingsályktun um framlenginguna hafði ekki verið lögð fram í árslok 2014. Vinna við friðlýsingar á grundvelli áætlunar um vernd og orkunýtingu var einnig í bið þar sem fjárveiting til friðlýsinga, bæði á grundvelli náttúruverndaráætlunar og rammaáætlunar, var felld niður í fjárlögum ársins 2014. Aukin áhersla hefur hins vegar verið lögð á gerð verndar- og stjórnunaráætlana fyrir svæði sem þegar hafa verið friðlýst.

## 2. Friðlýsingar sem er lokið

Þrjár nýjar friðlýsingar voru undirritaðar á árinu 2014.

<i>Svæði sem friðlýst voru árið 2014</i>	<i>Tillaga að friðlýsingu</i>	<i>Staðfesting</i>
<b>Búrfell, Búrfellsgjá og eystri hluti Selgjár</b>	Garðabær	30. apríl 2014
<b>Garðahraun, Vífilsstaðahraun og Maríuhellar</b>	Garðabær	30. apríl 2014
<b>Bringur í Mosfellsdal</b>	Mosfellsbær	20. maí 2014

### 2.1. Búrfell, Búrfellsgjá og eystri hluti Selgjár í Garðabæ

Friðlýsing Búrfells, Búrfellsgjár og eystri hluta Selgjár í Garðabæ sem náttúruvættis hefur verið nokkuð lengi í undirbúningi. Í staðfestu aðalskipulagi Garðabæjar 2004-2016 er gert ráð fyrir að eldstöðin Búrfell og það sem eftir er af hraunum hennar innan marka Garðabæjar verði friðlýst. Hluti svæðisins er innan Reykjanesfólkvangs og Bláfjallafólkvangs.

Nokkuð er síðan undirbúningur friðlýsingarinnar hófst en vinnan fór af stað fyrir alvöru í upphafi árs 2012 eftir fund sem fulltrúar Umhverfisstofnunar og umhverfis- og auðlindaráðuneytis áttu með skipulagsstjóra og umhverfisstjóra Garðabæjar. Bæjarfélagið og Landmælingar Íslands unnu saman að kortagerð en Umhverfisstofnun og umhverfis- og auðlindaráðuneyti unnu að gerð friðlýsingarskilmála. Tillaga að friðlýsingu var auglýst þann 6. október 2012. Á auglýsingatíma barst athugasemd frá fjármála- og efnahagsráðuneyti þar sem bent var á að ágreiningur væri uppi um eignarhald á svokölluðu Garðakirkjulandi, en ráðuneytið taldi að um væri að ræða land sem er að mestu í eigu ríkisins, en Garðabær gerði einnig tilkall til landsins sem bærinn taldi sig hafa keypt af landbúnaðaráðuneyti árið 1993. Vegna þessara athugasemda varð nokkurt hlé á friðlýsingarviðræðum en árið 2013 leituðu fulltrúar Garðabæjar til Umhverfisstofnunar vegna áframhaldandi vinnu. Nokkru síðar fór bæjarstjóri Garðabæjar á fund fjármála- og efnahagsráðherra þar sem óskað var eftir því að ráðuneytið, sem landeigandi, samþykkti friðlýsingu svæðisins. Það gekk eftir og var friðlýsing svæðisins staðfest þann 30. apríl 2014.

Markmiðið með friðlýsingu Búrfells, Búrfellsgjár og eystri hluta Selgjár sem náttúruvættis er að vernda eldstöð frá nútíma ásamt hrauntröð þess, en hrauntröðin er meðal bestu dæma um hrauntraðir frá nútíma. Jafnframt er markmið að auðvelda umgengni og kynni af náttúruminum, en vegna nálægðar við þéttbýli er svæðið kjörið til umhverfisfræðslu og útivistar. Verndargildi svæðisins byggir fyrst og fremst á jarðmyndunum frá nútíma sem hafa hátt vísinda-, fræðslu- og útivistargildi, auk gróðurfars.

---

**Náttúruvættið Búrfell, Búrfellsgjá og eystri hluti Selgjár í Garðabæ: Friðlýsingin í hnotskurn**


---

Dagsetning friðlýsingar	30. apríl 2014
Tegund friðlýsingar	Náttúruvætti
Verndarandlag	Vernda eldstöð frá nútíma og auðvelda aðgengi almennings að náttúruminum.
Beiðni um friðlýsingu	Garðabær
Stærð svæðis	323 hektarar
Sveitarfélag	Garðabær

---

## 2.2. Garðahraun, Vífilsstaðahraun og Maríuhellar í Garðabæ

Undirbúningur fyrir friðlýsingu Garðahrauns, Vífilsstaðahrauns og Maríuhella í Garðabæ sem fólkvangs var unnin samhliða undirbúningi að friðlýsingu Búrfells, Búrfellsgjár og eystri hluta Selgjár. Undirbúningur friðlýsingarinnar var einnig kominn á lokastig þegar athugasemdir fjármála- og efnahagsráðuneytis bárust. Í athugasemdum kom fram að Vífilsstaðahraun og landið í kring væri nánast allt í eigu ríkisins en að yfir stæðu samningaviðræður milli ríkis og Garðabæjar um kaup hins síðarnefnda á Vífilsstaðahrauni sem er í eigu ríkisins. Í kjölfar fundar fjármála- og efnahagsráðherra og fulltrúa Garðabæjar tók ráðherra þá ákvörðun f.h. ríkissjóðs sem landeiganda að samþykkja friðlýsinguna. Friðlýsing Garðahrauns, Vífilsstaðahrauns og Maríuhella í Garðabæ sem fólkvangs var staðfest þann 30. apríl 2014.

Markmið friðlýsingarinnar er að stofna fólkvang, útivistarsvæði í þéttbýli, þar sem jarðmyndanir, gróðurfar, fuglalíf og menningarminjar, m.a. fornar rústir eru verndaðar. Með friðlýsingunni eru tryggðir möguleikar til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu í náttúrulegu umhverfi.

---

**Fólkvangurinn Garðahraun, Vífilsstaðahraun og Maríuhellar í Garðabæ**


---

Dagsetning friðlýsingar	30. apríl 2014
Tegund friðlýsingar	Fólkvangur
Verndarandlag	Tryggja verndun jarðmyndana, gróðurfars, fuglalífs og menningarminja og tryggja möguleika til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu.
Beiðni um friðlýsingu	Sveitarfélagið Garðabær
Stærð svæðis	156,3 hektarar
Sveitarfélag	Garðabær

---

## 2.3. Fólkvangurinn Bringur, Mosfellsdal

Þann 20. maí 2014 var undirrituð friðlýsing fólkvangsins Bringna í Mosfellsdal. Beiðni um friðlýsingu kom frá sveitarfélaginu Mosfellsbæ í tilefni af 25 ára afmæli sveitarfélagsins. Í fyrstu var áhugi fyrir friðlýsingu Helgufoss sem náttúruvættis, en að mati fulltrúa Mosfellsbæjar þótti eignarhald þess svæðis fremur flókið og varð því meiri áhugi á því að friðlýsa hluta eyðjarðarinnar Bringna sem fólkvang. Fólkvangurinn er 18,6 hektarar að stærð.



Bújörðin Bringur varð til sem nýbýli úr landi kirkjujarðarinnar að Mosfelli árið 1856. Jörðin fór í eyði árið 1966 en þar er að finna talsvert af mannvistarleifum. Frá Bringum er víðsýnt yfir Mosfellsdal og allt til hafs. Rétt við túngarðinn er Helgufoss í Köldukvísl og vestan við fossinn eru Helguhvammur, rústir Helgusels og Helguhóll, en sagan segir að þar sé mikil huldufólksbyggð. Seljarústirnar vitna um löngu horfna atvinnuhætti þegar búpeningur var hafður í seli yfir sumartímann. Örskammt frá túnfætinum í Bringum má sjá leifar af þjóðbraut, svokölluðum Bringnavegi, sem lagður var árið 1910 og var tengileið milli Mosfellsdals og gamla Þingvallavegarins sem lá yfir Mosfellsheiði til Þingvalla.

Markmiðið með friðlýsingu fólkvangsins er að vernda hluta jarðarinnar Bringna til útivistar almennings, náttúruskoðunar og fræðslu. Friðlýsingin verndar auk þess sérstakar náttúru- og menningarminjar.

<b>Fólkvangurinn Bringur í Mosfellsdal: Friðlýsingin í hnotskurn</b>	
Dagsetning friðlýsingar	20. maí 2014
Tegund friðlýsingar	Fólkvangur
Verndarandlag	Verndun til útivistar almennings, náttúruskoðunar og fræðslu. Verndar auk þess sérstakar náttúru- og menningarminjar.
Beiðni um friðlýsingu	Mosfellsbær
Stærð svæðis	18,6 hektarar
Sveitarfélag	Mosfellsbær



### 3. Friðlýsingar á grundvelli rammaáætlunar

Þann 14. janúar 2013 var samþykkt á Alþingi þingsályktun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Umhverfisstofnun er falið það hlutverk skv. lögum nr. 48/2011, um verndar- og orkunýtingaráætlun, að undirbúa friðlýsingu þeirra tuttugu svæða sem flokkuð voru í verndarflokk í þingsályktuninni.

Árið 2013 var lagður mikilvægur grunnur að undirbúningi friðlýsinga svæða í verndarflokki í kjölfar samþykktar þingsályktunartillögunnar. Þeim undirbúningi er lýst í skýrslunni *Friðlýsingar 2013. Skýrsla Umhverfisstofnunar til umhverfis- og auðlindaráðherra um vinnu við friðlýsingar á árinu 2013*. Í lok ársins 2013 var vinna við undirbúning friðlýsinga á grundvelli rammaáætlunar sett í bið. Ástæða þess var fyrst og fremst sú að fjárveiting til friðlýsinga landsvæða sem flokkuð voru í verndarflokk rammaáætlunar var felld niður í fjárlögum ársins 2014.

Lítills háttar vinna fór þó fram í tengslum við Norðlingaölduveitu, en eftir að staðfestingu á endurnýjaðri friðlýsingu Þjórsárvera var frestað í júní 2013 voru málefni stækkaðs friðlands tekin til skoðunar í umhverfis- og auðlindaráðuneyti í samstarfi við Umhverfisstofnun. Í desember 2013 komst ráðuneytið að þeirri niðurstöðu að rétt væri að breyta mörkum fyrirhugaðs friðlands í suðri auk þess sem lagt var til að mörkin yrðu færð þannig að Þjórsárveita yrði utan hins friðlýsta svæðis. Leitað var samþykkis Ásahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps fyrir breytingartillögunni. Þann 10. janúar 2014 barst Umhverfisstofnun bréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps þar sem fram kom að sveitarstjórn leggur til að stækkun friðlandsins í Þjórsárverum verði frestað þar til komið er á hreint hver staða Norðlingaölduveitu í rammaáætlun er þar sem engin svæði eru í hættu þó að stækkun friðlandsins frestist eitthvað. Í svörum Ásahrepps, sem bárust Umhverfisstofnun þann 20. janúar 2014, kemur fram að hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir fyrir sitt leyti breytingartillöguna sem lögð var fram og staðfesti friðlýsingaskilmála frá 21. júní 2013 með tveimur skilyrðum. Annars vegar að hnitaskrá verði leiðrétt og hins vegar að fyrir liggi tímasett, bindandi og undirritað samkomulag milli sveitarfélaganna og ríkisvaldsins um fjárframlög til að tryggja uppbyggingu og rekstur upplýsingamiðstöðva á svæðinu auk landvörslu. Í ljósi þess að aðeins annað sveitarfélagið sem hefur skipulagsvald á svæðinu sem um ræðir samþykkti þá breytingartillögu sem lögð var fram hefur Umhverfisstofnun ekki leitað samþykkis annarra sveitarfélaga sem hafa skipulagsvald á því landsvæði sem fellur innan fyrirhugaðs friðlands.

## 4. Friðlýsingar á grundvelli náttúruverndaráætlunar

Umhverfisstofnun hefur á undanförunum árum unnið að friðlýsingu svæða á grundvelli náttúruverndaráætlunar. Af þeim fimmtán svæðum sem náttúruverndaráætlun 2004-2008 tekur til hafa þrjú svæði verið friðlýst og ein friðlýsing langt komin. Það eru Guðlaugstungur, Vatnajökulsþjóðgarður og Vatnshornsskógur og friðlýsing Vestmannaeyja er langt komin. Umhverfis- og auðlindaráðuneyti vann að undirbúningi friðlýsingar Vestmannaeyja þar sem Umhverfisstofnun vísaði málinu til ráðuneytis árið 2009. Undirbúningur stofnunar Vatnajökulsþjóðgarðs var í höndum ráðuneytisins. Auk þess hefur Skerjafjarðarsvæðið verið friðlýst að hluta. Á náttúruverndaráætlun 2009-2013 voru tiltekin ellefu svæði auk tegundafriðlýsinga. Af þessum ellefu svæðum hafa þrjú verið friðlýst; Hálsar sem búsvæði tjarnarklukku, svæði í Skaftártungum og á Síðuafrétti og Langisjór og nágrenni.

Vinna við undirbúning friðlýsinga dróst saman árið 2014 þar sem fjárframlög til friðlýsinga voru felld niður á fjárlögum ársins 2014. Á árinu var þó áfram unnið að undirbúningi friðlýsingar Látrabjargs, auk þess sem fram fór vinna vegna stækkunar friðlandsins í Þjórásarverum í upphafi ársins sbr. hér að framan. Hvað varðar stöðu á undirbúningi friðlýsinga annarra svæða á náttúruverndaráætlun vísast til skýrslunnar *Staða friðlýsinga 2013. Skýrsla Umhverfisstofnunar til umhverfis- og auðlindaráðherra um vinnu við friðlýsingar á árinu 2013.*

### 4.1. Látrabjarg

Friðlýsingarundirbúningur Látrabjargssvæðisins hélt áfram á árinu. Í febrúar var haldinn kynningarfundur á Patreksfirði þar sem drög að deiliskipulagi Látrabjargssvæðisins voru kynnt og í mars var skipulagið auglýst. Margar ábendingar og athugasemdir bárust Vesturbyggð vegna deiliskipulagsins. Árið 2014 fékk Vesturbyggð styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til framkvæmda á Látrabjargi. Umhverfisstofnun var til ráðgjafar um hönnun svæðisins sem er í höndum Landmótunar, en haldnir voru fundir með landeigendum og óskað efir samþykki þeirra fyrir framkvæmdunum. Vesturbyggð stefnir á að hefja framkvæmdir sumarið 2015 sem miða að uppbygginu göngustíga og að auka öryggi ferðamanna á Bjargtöngum.

Sérfræðingur Umhverfisstofnunar á Patreksfirði hélt áfram viðræðum við landeigendur um friðlýsingu svæðisins og sinnti einnig landvörslu þar sumarið 2014. Vinna við gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir væntanlegan þjóðgarð var í fullum gangi sl. vetur og í febrúar voru kynnt drög að verndar- og stjórnunaráætlun fyrir ráðgjafanefndinni sem í sæti eiga fulltrúar landeigenda, Vesturbyggðar og ferðamálasamtaka. Nefndarmenn eru sammála um að mikilvægt sé að koma á verndar- og stjórnunaráætlun sem fyrst vegna gríðarlegrar aukningar á ferðamönnum á svæðinu undanfarin ár. Jafnframt er ljóst að undirbúa þarf friðlýsingarskilmála og leita afstöðu fjölmargra landeigenda og annarra aðila eigi friðlýsing að verða að veruleika.





## 4.2. Þjórsárver

Í náttúruverndaráætlun 2009-2013 var lagt til að friðlandið í Þjórsárverum verði stækkað. Þar sem hluti þess svæðis sem um ræðir hefur verið til umfjöllunar hjá starfshópum og verkefnastjórn rammaáætlunar má finna umfjöllun um vinnu við endurskoðun friðlýsingarskilmála friðlandsins í Þjórsárverum í kafla 3.

## 5. Aðrar friðlýsingar í vinnslu

Á árinu 2014 var unnið að undirbúningi fjögurra friðlýsinga að tillögu sveitarfélaga, landeigenda eða annarra aðila.

### 5.1. Fugla- og votlendisfriðland á Brunasandi

Viðræður um friðlýsingu landsvæðis innan marka jarðanna Hraunbóls (í einkaeigu) og Sléttabóls (í eigu ríkisins) sem fugla- og votlendisfriðlands hófust árið 2012. Land jarðanna er í óskiptri sameign, alls 58.420 ha. Árið 2013 og á fyrri hluta árs 2014 voru viðræður á milli landeigenda og Umhverfisstofnunar um friðlýsingaskilmála og er sú vinna langt komin.

Gert er ráð fyrir að friðlandið nái yfir víðáttumikið votlendissvæði á sandi sem hefur ekki verið raskað með framræslu. Á svæðinu er vatnsstaða há og rennur vatn í lænum niður votlendið, hverfur í sandinn og kemur aftur upp neðar á svæðinu og myndar dýnamískt og sérstætt vistkerfi. Neðarlega í votlendinu eru blautir flóar. Grös og starir eru ríkjandi í gróðurlendi og einnig er nokkuð um víði. Svæðið innan friðlands er alþjóðlega mikilvægt fuglaverndarsvæði (IBA). Þar er að finna margar mikilvægar fuglategundir, m.a. tegundir sem eru á válista. Þar á meðal er friðuð tegund skv. reglugerð nr. 456/1994.

### 5.2. Glerárdalur

Þann 15. janúar 2013 barst Umhverfisstofnun tillaga frá Akureyrarkaupstað um að hluti Glerárdals verði friðlýstur sem fólkvangur. Tillagan var lögð fram í kjölfar samþykktar opins hátíðarfundar bæjarstjórnar Akureyrar þann 29. ágúst 2012 í tilefni af 150 ára afmælisdegi Akureyrar, þar sem samþykkt var að stefnt skuli að því að hluti Glerárdals verði skilgreindur sem fólkvangur. Viðræður við sveitarfélagið um friðlýsingu Glerárdals hófust í maí sama ár og hefur málið verið í virkri vinnslu síðan, bæði með fundum og tölvupóstsamskiptum milli fulltrúa sveitarfélagsins og Umhverfisstofnunar.

Við vinnslu málsins hafa drög að mörkum fólkvangsins breyst nokkuð, en í upphafi var gert ráð fyrir að fyrirhuguð þriggja megawatta Glerárdalsvirkjun yrði innan marka fólkvangsins. Nokkrar umræður urðu um staðsetningu vatnsaflsvirkjunar í miðjum fólkvangi og voru uppi skiptar skoðanir um hversu heppilegt slíkt fyrirkomulag væri. Við lok árs 2013 lá hins vegar fyrir að mörk fólkvangsins voru færð þannig að öll mannvirki sem mögulega verða reist í tengslum við umrædda virkjun yrðu utan hins friðlýsta svæðis, en Akureyrarkaupstaður hyggst vernda svæðið, sem áður var hugsað innan marka fólkvangsins, með hverfisvernd.

Markmiðið með friðlýsingunni er að vernda Glerárdal og aðliggjandi fjalllendi til útivistar almennings, náttúruskoðunar og fræðslu. Friðlýsingin verndar einnig land sem er að mestu ósnortið með fjölbreyttum jarðmyndunum og gróðurfari og er þannig stuðlað að varðveislu líffræðilegrar- og jarðfræðilegrar fjölbreytni.

### 5.3. Fuglafriðland í Flóa

Tillaga að stofnun fugla- og votlendisfriðlands kom í lok árs 2011 frá Rannsóknarsetri Háskóla Íslands á Suðurlandi og formanni Votlendisseturs Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri.

Svæðið er mikilvægt með tilliti til verndar og endurheimtar votlendis og sem búsvæði fugla. Svæðið tengist klasaverkefninu „Fuglar á Suðurlandi“ og þar með skipulagi sjálfbærrar náttúruferðaþjónustu í sveitarfélaginu Árborg.

Fljótlega eftir að vinna við undirbúning friðlýsingar hófst var ljóst að sveitarfélagið Árborg hafði áhuga á að vinna að friðlýsingu ríkisjarðarinnar Flóagafismýrar og hverfisverndaðs fuglafriðlands, sér í lagi eftir að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti lýsti því yfir að það væri tilbúið að láta Flóagafismýri til friðlýsingar. Unnin voru drög að friðlýsingarskilmálum sem fengu umfjöllun í bæjarstjórn og stjórnarsýslu Árborgar á fyrri hluta ársins 2012. Þann 13. september 2012 samþykkti bæjarstjórn að stefna að friðlýsingu Flóagafismýrar og hverfisverndaða fuglafriðlandsins. Í þeim drögum kemur fram að um er að ræða jarðirnar Óseyrarnes, Flóagafli og Flóagafismýri. Óskað var eftir því að Umhverfisstofnun ynni með skipulagsstjóra Árborgar að því að ljúka gerð skilmála og korta. Sú vinna hefur tafist vegna deilna um landamerki milli sveitarfélagsins og einkaaðila.

Árið 2013 hafði Umhverfisstofnun haft samskipti við lögmann Árborgar sem fer með umboð sveitarfélagsins í viðræðum við landeigendur um kaup á þeim fimm prósentum af landinu sem ekki er í eigu sveitarfélagsins. Að mati lögmannsins voru viðræður við landeigendur langt á veg komnar og þess ekki langt að bíða að niðurstöður fengjust. Umhverfisstofnun hefur í lok árs 2014 ekki fengið fregnir um að kaup Árborgar á landinu séu frágengin og var málið að mestu leyti í bið á árinu vegna orsaka sem þegar hefur verið greint frá.

## 5.4. Hólar í Öxnadal

Með bréfi dags. 20. apríl 2013 óskaði landeigandi jarðarinnar Hóla í Öxnadal eftir því við umhverfis- og auðlindaráðuneyti að ráðherra ákveði friðun Hólahóla í landi jarðarinnar. Ráðuneytið óskaði síðan eftir mati á verndargildi svæðisins með bréfi þann 16. maí 2013. Umhverfis- og auðlindaráðuneyti vann gróf drög að friðlýsingarskilmálum fyrir fyrirhugað friðland sem bærust Umhverfisstofnun þann 7. ágúst 2013.

Umhverfisstofnun tók við undirbúningi að friðlýsingu hluta jarðarinnar Hóla um miðjan ágústmánuð 2013. Stofnaður var samstarfshópur sem í áttu sæti fulltrúar stofnunarinnar, landeiganda og sveitarfélagsins Hörgársveitar. Við undirbúning friðlýsingarinnar kom í ljós að nokkuð bar á milli. Mikil samskipti hafa verið milli hlutaðeigandi aðila síðan og hafa sveitarstjórn og skipulags- og umhverfisnefnd fjallað um fyrirhugaða friðlýsingu og skilmála.


Drög að friðlýsingarskilmálum voru auglýst árið 2014. Í lok ársins hafði ekki verið unnt að vinna úr öllum athugasemdum sem bærust.

## 6. Verndar- og stjórnunaráætlanir

Umhverfisstofnun hefur umsjón með ríflega 100 friðlýstum svæðum á Íslandi. Stofnunin hefur það m.a. það hlutverk samkvæmt 6. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd að annast gerð verndaráætlana fyrir náttúruverndarsvæði.

Á undanförunum árum hefur komið í ljós að náttúruminjar eru margar hverjar undir miklu álagi, meðal annars vegna aukins fjölda ferðamanna sem heimsækir landið. Við þessu álagi þarf að bregðast með uppbyggingu og stjórnun á friðlýstum svæðum. Þær aðgerðir eru skráðar, skipulagðar og þeim forgangsraðað með gerð verndar- og stjórnunaráætlana. Annar þáttur sem hefur einnig orðið til þess að auka eftirspurn eftir verndar- og stjórnunaráætlunum er svokallaður rauður listi sem Umhverfisstofnun gefur út á tveggja ára fresti. Á rauða listann eru skráð svæði sem eru í verulegri hættu á að tapa verndargildi sínu eða hafa tapað því að hluta, en tækifæri þeirra svæða felast meðal annars í gerð verndaráætlunar.

Í upphafi ársins 2014 höfðu aðeins verið gefnar út 4 verndar- og stjórnunaráætlanir fyrir friðlýst svæði, en í upphafi ársins var ákveðið að ráðast í áttak í gerð verndar- og stjórnunaráætlana fyrir friðlýst svæði í umsjón Umhverfisstofnunar auk þess sem gerð annarra verndar- og stjórnunaráætlana var forgangsraðað.



Mynd 1. Fjöldi friðlýstra svæða og verndar- og stjórnunaráætlana.

## 6.1. Verndar- og stjórnunaráætlanir sem er lokið

Á árinu 2014 var lokið við gerð tveggja verndar- og stjórnunaráætlana, en vinna við aðrar mjög langt komin (sjá kafla 6.2.)

### 6.1.1. Dyrhólaey

Verndar- og stjórnunaráætlun fyrir friðlandið Dyrhólaey var undirrituð þann 29. október 2014. Verndar- og stjórnunaráætlunin gildir til ársins 2023, en gert er ráð fyrir að aðgerðaáætlun verði uppfærð árið 2018. Áætlunin var unnin af ráðgjafanefnd um friðlandið og starfsfólki Umhverfisstofnunar.

Dyrhólaey er klettaeyja, um 120 m hár höfði, sem gengur í sjó fram við suðurströnd Íslands. Ekki er skýrt kveðið á um tilgang friðunar með auglýsingu um friðlýsingu Dyrhólaeyjar, en þar er þó sérstaklega tiltekið að óheimilt er að skaða eða trufla dýralíf á hinu friðlýsta svæði þó svo að hefðbundnar nytjar haldist svo sem verið hefur. Auk þess hefur Umhverfisstofnun heimild til að takmarka ferðir um svæðið á varptíma fugla. Með hliðsjón af áherslu á verndun svæðisins á varptíma lítur Umhverfisstofnun svo á að megin verndarandlag friðlýsingarinnar sé fuglalíf svæðisins. Verndunin er þó ekki einungis fólgin í verndun fuglalífs, heldur er einnig lögð áhersla á verndun landslags svæðisins, en segja má að lífríkið sé að vissu leyti fólgið í landslaginu auk þess sem að íhlutun mannsins hefur stuðlað að því lífríki sem er á svæðinu í dag. Með friðlýsingu Dyrhólaeyjar hefur þessi heild verið vernduð.

Frá því að Dyrhólaey var friðlýst árið 1978 hafa orðið nokkrar breytingar, en álag af manna völdum hefur aukist verulega. Fjöldi ferðamanna og ökutækja sem fer inn á eyna ár hvert hefur margfaldast og ferðamannatíminn hefur lengst til muna. Af þeim sökum er friðlýsta svæðið undir töluverðu álagi.

Megin markmið með gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir friðlandið Dyrhólaey er að leggja fram stefnu um verndun þess og hvernig viðhalda skuli verndargildi svæðisins í sátt við landeigendur, heimamenn og aðra hagsmunaaðila. Þá er einnig lögð áhersla á að saga og menning Dyrhólaeyjar varðveitist og að öll nýting hlunninda og ferðaþjónusta sé sjálfbær. Ímynd svæðisins skal vera jákvæð og áfram skal það vera grundvöllur öflugrar atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu og víðar.

Drög að verndar- og stjórnunaráætlun fyrir Dyrhólaey voru auglýst á heimasíðu Umhverfisstofnunar til athugasemda þann 4. apríl 2014 auk þess sem hagsmunaaðilum var sendur tölvupóstur til að vekja athygli á auglýsingunni. Alls bárust 9 athugasemdir, meðal annars varðandi æðarvarp, verndarflokk samkvæmt kerfi IUCN, kvikmyndatöku, verndun lífríkis gegn ágangi manna, fornleifaskráningu, misvægi hagsmuna og forgangsröðun aðgerða. Öllum athugasemdum var svarað.

Verndar- og stjórnunaráætlun fyrir friðlandið Dyrhólaey var ekki gefin út á prenti, en áætlunin er aðgengileg á tölvutæku formi á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

### 6.1.2. Surtsey

Verndar- og stjórnunaráætlun fyrir friðlandið Surtsey var undirrituð þann 14. nóvember 2015. Verndar og stjórnunaráætlunin gildir til ársins 2023, en gert er ráð fyrir að aðgerðaáætlun verði uppfærð árið 2019. Áætlunin var unnin af starfsfólki Umhverfisstofnunar í samvinnu við ráðgjafanefnd friðlandsins. Áætlunin er byggð á drögum

að verndaráætlun sem gerð voru samhliða tilnefningu Surtseyjar á heimsminjaskrá UNESCO árið 2007. Sú áætlun var ekki gefin út. Frá þeim tíma hafa efnistöð og áherslur við gerð verndar- og stjórnunaráætlana fyrir svæði í umsjón Umhverfisstofnunar tekið nokkrum breytingum og kallaði það á breytta áætlun.

Surtsey myndaðist í eldgosi á árunum 1963-1967 og er syðsta eyjan í Vestmannaeyjaklasanum. Eyjan var friðlýst árið 1965 á meðan gosvirkni var enn í gangi og var friðlýsingin bundin við eldfjallið ofansjávar. Í tengslum við tilnefningu Surtseyjar á heimsminjaskrá UNESCO árið 2006 var friðlandið stækkað verulega og nær í dag yfir alla eldstöðina, hafsvæðið og sjávarbotninn umhverfis hana. Verndargildi Surtseyjar felst fyrst og fremst í því að svæðið hefur hátt vísinda- og náttúruverndargildi á íslenskan og alþjóðlegan mælikvarða, en þar eru heildstæðar og óraskaðar náttúruminjar sem endurspeglar náttúrulega þróunarferla og eru afar viðkvæmar fyrir röskun. Surtsey var skráð á heimsminjaskrá UNESCO árið 2008.

Markmið með gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir Surtsey er að leggja fram stefnu um verndun svæðisins og hvernig viðhalda eigi verndargildi þess. Í því skyni eru tilgreindar aðgerðir sem ráðast skal í og fela meðal annars í sér að áfram verði takmarkanir á umferð manna til eyjarinnar, að komið verði í veg fyrir að lífverur berist til eyjarinnar af manna völdum, að fylgst verði með því hvort að ágengar framandi tegundir berist inn á svæðið og eftir hvaða leiðum, að rusl og annar úrgangur verði fjarlægður og að gerð verði áætlun vegna mengunarslysa og öryggis.

Drög að verndar- og stjórnunaráætlun fyrir friðlandið Surtsey voru auglýst á heimasíðu Umhverfisstofnunar til athugasemda þann 9. apríl 2014 auk þess sem hagsmunaaðilum var sendur tölvupóstur til að vekja athygli á auglýsingunni.

Verndar- og stjórnunaráætlun fyrir friðlandið Surtsey var ekki gefin út á prenti, en áætlunin er aðgengileg á tölvutæku formi á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

## 6.2. Verndar- og stjórnunaráætlanir í vinnslu

Í kjölfar þess að ákveðið var að hafa átak í gerð verndar- og stjórnunaráætlana fyrir friðlýst svæði í umsjón Umhverfisstofnunar var hafist handa við gerð áætlana fyrir Dimmuborgir, Dynjanda, Fossvogsbakka, Háubakka, Laugarás, Kringilsárrana og Teigarhorn.

### 6.2.1. Dimmuborgir

Vinna við gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir náttúruvættið Dimmuborgir hófst á haustmánuðum árið 2014. Áætlunin er unnin af starfsfólki Umhverfisstofnunar, fulltrúa Landgræðslu ríkisins, fulltrúa Skútustaðahrepps og fulltrúa Ráðgjafanefndar um friðlýst svæði í Mývatnssveit.

Dimmuborgir voru friðlýstar árið 2011. Samhliða friðlýsingunni var undirritaður samningur þar sem Landgræðslu ríkisins var falin umsjón og rekstur svæðisins.

Dimmuborgir í Skútustaðahreppi hafa að geyma afar sérstæðar hraunmyndanir sem eru minjar tæmdrar hrauntjarnar sem myndaðist fyrir um 2300 árum þegar hraun rann frá Lúdens- og Þrengslaborgum yfir Mývatn og í sjó fram í Skjálfanda.



Megin markmið með gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir náttúruvættið er að leggja fram stefnu um verndun þeirra og hvernig viðhalda skuli verndargildi svæðisins í sátt við landeigendur heimamenn og aðra hagsmunaaðila. Í því skyni verða skilgreindar aðgerðir sem verður forgangsraðað í aðgerðaáætlun sem verður meðfylgjandi verndar- og stjórnunaráætlun.

Fyrirhugað er að lokið verði við gerð verndar- og stjórnunaráætlun fyrir náttúruvættið Dimmuborgir á fyrri hluta árs 2015.

### 6.2.2. Dynjandi

Vinna við gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir náttúruvættið Dynjanda hófst í október 2014. Áætlunin er unnin af samstarfsnefnd um gerð verndar- og stjórnunaráætlunar sem í eiga sæti fulltrúar Umhverfisstofnunar, Ísafjarðarbæjar og RARIK.

Dynjandi og aðrir fossar í Dynjandisá ásamt umhverfi þeirra var friðlýst árið 1981, en friðlýsingin var endurskoðuð árið 1986. Dynjandi í Dynjandisá er einn af hæstu fossum Íslands. Hann er efstur í fossastiga sem varð til vegna lagskiptingar bergsins í hraunlög og lausari millilög. Neðan Dynjanda liðast áin niður 7 fossa og endar í sjó í Dynjandisvogi.

Náttúruvættið Dynjandi er mikilvægt í hugum margra og hefur margvíslegt gildi fyrir fólk, samfélag og náttúru. Frá því að Dynjandi var friðlýstur árið 1981 hafa orðið breytingar, en svæðið er vinsæll áningarstaður ferðamanna og eitt það fjölsóttasta á Vestfjörðum og álag af manna völdum því nokkurt. Þá hefur einnig komið til álita að virkja á vatnasviði Dynjanda og skerða þar með vatnsrennsli til fossanna í ánni.

Megin markmið með gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir náttúruvættið Dynjanda er að leggja fram stefnu um verndun þess og hvernig viðhalda eigi verndargildi svæðisins í sátt við landeigendur, heimamenn og aðra hagsmunaaðila. Afnot gesta og ferðaþjónustuaðila af svæðinu skal vera sjálfbær. Sérstaða náttúruvættisins er mikil og með áætluninni er stefnt að því að standa vörð um og efla jákvæða ímynd svæðisins. Í því skyni verða skilgreindar aðgerðir sem verður forgangsraðað í aðgerðaáætlun sem verður meðfylgjandi verndar- og stjórnunaráætluninni.

Fyrirhugað er að lokið verði við gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir náttúruvættið Dynjanda á fyrri hluta ársins 2015.

### 6.2.3. Fossvogsbakkar

Vinna við gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir náttúruvættið Fossvogsbakka hófst á seinni hluta ársins 2014. Áætlunin er unnin af fulltrúum umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar og Umhverfisstofnunar.

Fossvogsbakkar voru friðlýstir sem náttúruvætti árið 1999. Þar er að finna fágætar jarðminjar í jarðsögu Reykjavíkur og landsins alls, Fossvogslögin, sem lýsa ástandi við lok ísaldar fyrir um 11.000 árum. Í setlögnum er að finna ýmsa steingervinga auk þess sem þar er að finna jökulset. Verndargildi svæðisins felst fyrst og fremst í verndun jarðminja svæðisins, en einnig í staðsetningu svæðisins í miðri borg og aðgengileika.

Megin markmið með gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir náttúruvættið Fossvogsbakka er að leggja fram stefnu um verndun þess og hvernig viðhalda skuli

verndargildinu. Í því skyni verða skilgreindar aðgerðir sem verður forgangsraðað í aðgerðaáætlun sem verður meðfylgjandi verndar- og stjórnunaráætluninni.

Fyrirhugað er að lokið verði við gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir náttúruvættið Fossvogsbakka á fyrri hluta ársins 2015.

#### **6.2.4. Háubakkar**

Vinna við gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir náttúruvættið Háubakka hófst á seinni hluta árs 2014. Áætlunin er unnin af fulltrúum umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar og Umhverfisstofnunar.

Háubakkar voru friðlýstir sem náttúruvætti árið 1983. Þar er að finna þykk setlög sem bera merki um áhrif loftslagsbreytinga á ísöld. Í setlögnum er meðal annars að finna þykkt surtarbrandslag. Verndargildi svæðisins felst fyrst og fremst í verndun setlaga, en einnig í staðsetningu þess, en aðgengi að svæðinu er gott og svæðið því mjög ákjósanlegt til fræðslu og rannsókna.

Megin markmið með gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir náttúruvættið Háubakka er að leggja fram stefnu um verndun þess og hvernig viðhalda skuli verndargildinu. Í því skyni verða skilgreindar aðgerðir sem verður forgangsraðað í aðgerðaáætlun sem verður meðfylgjandi verndar- og stjórnunaráætluninni.

Fyrirhugað er að lokið verði við gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir náttúruvættið Háubakka á fyrri hluta ársins 2015.

#### **6.2.5. Kringilsárrani**

Vinna við gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir friðlandið Kringilsárrana hófst árið 2014. Áætlunin er unnin af fulltrúum sveitarfélagsins Fljótshálsa og Umhverfisstofnunar með aðkomu umsjónaraðila og hagsmunaaðila.

Kringilsárrani var friðlýstur sem friðland árið 1975, en friðlýsingunni var breytt árið 2003. Kringilsárrani er sérstæð og gróin landspilda sem er mörkuð af hopi Brúarjökuls. Jökulminjar eru greinilegar á svæðinu og liggja svokallaðir hraukar yfir ranann þverann. Segja má að friðlandið skiptist í þrjú svæði, Kringilsárrana sjálfan, Hreinatungur og Marítungur. Nágrenni friðlandsins breyttist nokkuð með tilkomu Háslóns.

Megin markmið með gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir friðlandið Kringilsárrana er að leggja fram stefnu um verndun svæðisins og hvernig viðhalda skuli verndargildi þess til framtíðar. Í því skyni verða skilgreindar aðgerðir sem verður forgangsraðað í aðgerðaáætlun sem verður meðfylgjandi verndar- og stjórnunaráætluninni.

Fyrirhugað er að lokið verði við gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir friðlandið Kringilsárrana árið 2015.

#### **6.2.6. Laugarás**

Vinna við gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir náttúruvættið Laugarás hófst á seinni hluta ársins 2014. Áætlunin er unnin af fulltrúum umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar og Umhverfisstofnunar.

Laugarás var friðlýstur sem náttúruvætti árið 1082. Verndargildi Laugaráss felst fyrst og fremst í verndun jarðminja á svæðinu, en þar er að finna grágrýtisklappir sem eru í senn jökulsorfnar og bera ummerki hæstu sjávarstöðu við lok ísaldar í Reykjavík.

Megin markmið með gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir náttúruvættið Laugarás er að leggja fram stefnu um verndun svæðisins og hvernig viðhalda skuli verndargildi þess. Í því skyni verða skilgreindar aðgerðir sem verður forgangsraðað í aðgerðaáætlunsem verður meðfylgjandi verndar- og stjórnunaráætluninni.

Fyrirhugað er að lokið verði við gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir náttúruvættið Laugarás á fyrri hluta ársins 2015.

### 6.2.7. Teigarhorn

Vinna við gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir fólkvanginn Teigarhorn og náttúruvættið geislasteina í landi Teigarhorns hófst fyrri hluta árs 2014. Áætlunin er unnin af fulltrúum Umhverfisstofnunar og stjórn fólkvangsins. Þar sem svæðin tvö eru að hluta til á sama svæði var ákveðið að gerð skyldi sameiginleg verndar- og stjórnunaráætlun fyrir þau bæði.

Hluti jarðarinnar Teigarhorn var fyrst friðlýst sem náttúruvætti árið 1975. Friðlýsingin var síðan endurskoðuð árið 2013 með auglýsingu um friðlýsingu geislasteina í landi Teigarhorns. Árið 2013 var einnig undirrituð friðlýsing fólkvangsins Teigarhorns. Markmiðið með friðlýsingu geislasteina í landi Teigarhorns er að varðveita og viðhalda náttúrulegu ástandi svæðisins, einkum með tilliti til þeirra jarðlaga sem eru rík af geislasteinum, en svæðið er sérstaklega auðugt af geislasteinum og fjölbreytni þeirra mikil. Ennfremur er það markmið friðlýsingarinnar að tryggja möguleika á rannsóknum á jarðmyndunum svæðisins, en svæðið er einn þekktasti fundarstaður geislasteina í heiminum. Markmiðið með friðlýsingu fólkvangsins er að tryggja útivistarsvæði í fögru umhverfi þar sem gestum gefst tækifæri til að kynna sérstakri náttúru svæðisins og sögu jarðarinnar Teigarhorns.

Markmið með gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir svæðin tvö er að leggja fram stefnu um verndun þeirra og hvernig viðhalda eigi verndargildi þeirra þannig að sem mest sátt ríki um.

## 6.3. Forgangs röðun verndar- og stjórnunaráætlana

Á undanförunum árum hefur komið í ljós að náttúruminjar eru margar hverjar undir miklu álagi, m.a. vegna aukins fjölda ferðamanna sem sækir Ísland heim. Bregðast þarf við þessu álagi með uppbyggingu og stjórnun friðlýstra svæða. Þær aðgerðir sem grípa þarf til eru skráðar, skipulagðar og þeim forgangsraðað með gerð verndar- og stjórnunaráætlana. Það má því segja að eftirspurn eftir verndar- og stjórnunaráætlunum fyrir friðlýst svæði hafi aukist á undanförunum árum. Annar þáttur hefur einnig orðið til þess að auka eftirspurnina er svokallaður rauður listi sem Umhverfisstofnun gefur út á tveggja ára fresti. Á rauða listann eru skráð svæði sem eru í verulegri hættu að tapa verndargildi sínu eða hafa tapað því að hluta. Tækifæri þeirra svæða felast meðal annars í gerð verndar- og stjórnunaráætlana.

Í upphafi árs 2014 höfðu aðeins verið gefnar út 4 verndar- og stjórnunaráætlanair fyrir friðlýst svæði í umsjón Umhverfisstofnunar. Í upphafi árs 2014 var unnin gróf forgangsröðun í samræmi við bolmagn friðlýsingateymis það ár en jafnframt ákveðið að forgangsraða gerð annarra verndar- og stjórnunaráætlana fyrir friðlýst svæði í umsjón Umhverfisstofnunar.



Við forgangsröðunina var notast við svokallaða vegna matrixugreiningu. Aðferðin felur í sér að skilgreindir voru 32 þættir sem hafa áhrif á forgangsröðun verndar- og stjórnunaráætlana. Hverju og einum svæði var síðan gefin einkunn fyrir hvern skilgreindan áhrifabátt (32 einkunnir fyrir hvert svæði). Þáttunum var síðan gefið ákveðið vægi, t.d. var þættinum „Rauðlistasvæði“ gefið vægið 10 þar sem mjög mikilvægt er að gerðar séu verndar- og stjórnunaráætlanir fyrir svæðin sem skráð eru á þann lista. Þátturinn „Friðlýst æðarvarp er innan svæðis“ fékk hins vegar lægra vægi, eða 4, þar sem sá þáttur þykir ekki veða jafn þungt í forgangsröðuninni. Einkunnari svæðanna voru margfaldaðar með væginu og síðan lagðar saman og þannig fékkst heildartala fyrir hvert svæði fyrir sig. Þessi tala var síðan notuð sem viðmið fyrir forgangsröðunina. Til að sem mest samræmi væri í einkunnagjöf voru leiðbeiningar byggðar inn í skjalið sem sérfræðingar á svæðunum sem gáfu þáttunum einkunnir höfðu til hliðsjónar.

Ákveðið var að birta niðurstöður forgangsröðunarinnar í litaflokkum. Svæði í rauða flokknum eru í forgangi, þá koma svæði á appelsínugulum lista, þá gulum og loks grænum. Skipt var milli flokka þannig að á grænum lista eru svæði með 0-400 stig, á gulum lista eru svæði með 401-800 stig, appelsínuguli listinn eru svæði með 801-1200 stig og á rauða listanum eru svæði sem fengu meira en 1201 stig.

Umhverfisstofnun telur að þessi vinna muni nýtast vel við áætlanagerð á næstu árum, þó að ljóst sé að aðstæður hverju sinni hafi áhrif á hversu margar og hvaða verndar- og stjórnunaráætlanir eru unnar hverju sinni. Þá telur stofnuninað nauðsynlegt sé að uppfæra flokkunina á u.þ.b. tveggja ára fresti þar sem forgangsröðunin er yfirfarin að teknu tilliti til nýrra upplýsinga.



Niðurstöður forgangsröðunarinnar eru eftirfarandi:

## RAUÐUR LISTI

Búðahraun  
 Friðland að Fjallabaki  
 Grábrókargígur  
 Gullfoss  
 Helgustaðanáma  
 Hraunfossar og Barnafoss  
 Skútustaðagígur  
 Ströndin við Stapa og Hellna  
 Surtarbrandsgil  
 Svarfaðardalur  
 Vatnsfjörður

## APPELSÍNUGULUR LISTI

Andakíll  
 Álfaborg, Borgarfjörður eystri  
 Bárðarlaug  
 Blautós og Innstavogsnes  
 Dettifoss, Selfoss og Hafragilsfoss  
 Dverghamrar  
 Einkunnir  
 Eldborg í Hnappadal  
 Flatey  
 Geitland  
 Grunnafjörður  
 Herðubreiðarlindir  
 Hornstrandir  
 Hólmanes  
 Húsafellsskógur  
 Hveravellir  
 Lónsöræfi  
 Neskaupsstaður fólkvangur  
 Ósland  
 Reykjanesfólkvangur  
 Skógafoss  
 Vatnshornsskógur  
 Þjórsárver

## GRÆNN LISTI

Árnahellir  
 Borgir  
 Eldey  
 Hamarinn  
 Kasthúsatjörn og aðliggjandi fjara  
 Melrakkaey  
 Tröllabörn  
 Valhúsahæð  
 Víghólar

## GULUR LISTI

Álafoss  
 Ástjörn  
 Ástjörn og Ásfjall  
 Bakkatjörn  
 Blábjörg í Berufirði  
 Bláfjallafólkvangur  
 Bringur, Mosfellsdal  
 Búrfell, Búrfellsgjá og eystri hluti Selgjár  
 Bökkvisstaðafjall, Dalvík  
 Díma, Lóni  
 Eldborg í Bláfjöllum  
 Eldborg undir Geitahlíð  
 Garðahraun, Víflsstaðahraun og Maríuhellar  
 Gálgahraun  
 Gervígur í Álftaveri  
 Gróttá  
 Guðlaugstungur og Álfgeirstungur  
 Háalda  
 Hálsar, tjarnir á innri-Hálsum  
 Herdísarvík  
 Hleinar  
 Hlíð  
 Hraun í Öxnadal  
 Hrísey  
 Hrótey í Blöndu  
 Hvaleyrarlón og Hvaleyrarhöfði  
 Ingólfshöfði  
 Jörundur  
 Kaldárhraun og Gjárnar  
 Kalmannshellir  
 Kasthúsatjörn og aðliggjandi fjara  
 Kattarauga  
 Kirkjugólf  
 Krossanesborgir  
 Litluborgir  
 Miklavatn  
 Oddaflóð  
 Pollengi og Tunguey  
 Rauðhólar  
 Salthöfði og Salthöfðamýri  
 Seljahjallagil og Bláhvammur  
 Skerjafjörður í Garðabæ  
 Skerjafjörður í Kópavogi  
 Skrúður  
 Spákonufellshöfði  
 Steðji  
 Stekkjahraun  
 Tungufoss  
 Varmárósar  
 Vestmannsvatn  
 Viðey í Þjórsá  
 Víflsstaðavatn

## 7. Lokaorð

Þrátt fyrir að mikil vinna liggi fari gjarnan í að friðlýsa svæði er með friðlýsingu aðeins slegið upphafsstefið í langtímaverkefni sem er að viðhalda vernd svæðisins og byggja upp styrk þess þar sem það á við. Þess vegna er mikilvægt að horfa til langtímamarkmiða þegar svæði er friðlýst. Virk náttúruvernd þýðir m.a. að nauðsynlegt er að hafa vakandi auga með þróun þátta sem áhrif geta haft á ástand friðlýstra svæða. Þrátt fyrir ítarlegar reglur getur ástandi friðlýstra svæða og tegunda hrakað vegna þátta sem ekki var með góðu móti hægt að sjá fyrir. Þá er mikilvægt að ekki sé aðeins horft til einangraðs náttúruvirkbæris heldur beitt heildstæðri nálgun á umhverfisáhrif.

Ljóst er að ferðamannaíðnaðurinn skilgreinir friðlýst svæði sem auðlind og aukinn ferðamannastraumur til Íslands hefur í för með sér gríðarlegt álag á margar friðlýstar náttúruperlur. Gera þarf áætlanir samhliða friðlýsingu sem taka mið af því.

Aukin áhersla Umhverfisstofnunar á vinnu við gerð verndar- og stjórnunaráætlana endurspeglar framangreind sjónarmið. Áfram er mikilvægt að vinna markvisst að friðlýsingu lykilþátta í náttúru Íslands. Þróa þarf verklag nánar og samhæfa. Umhverfisstofnun býr að góðri reynslu við uppbyggingu gæðakerfis en vinna við eiginlega verkferla vegna friðlýsinga og verndaráætlana er áætluð á árinu 2015. Það er von Umhverfisstofnunar að ferli stofnunarinnar í þessari vinnu verði skýr og aðgengileg fyrir almenning og alla þá sem hafa áhuga eða hagsmuna að gæta.